



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 11/2023 (nr. 101)

Dagsetning: 22. desember 2023, Kl. 11:30 – 13:30

Staðsetning: TEAMS

Fundinn sátu eftirtalið háskólaráðsfólk: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Laufey Haraldsdóttir (LH), Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP), Einar Kr. Guðfinnsson (EKG) Róbert Smári Gunnarsson (RSG) og Sveinn Margeirsson (SM).

Edda Matthíasdóttir (EM) kom inná fundinn undir lið 3 og kynnti fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2024. GJS ritaði fundargerð.

Dagskrá 11. fundar 2023:

1. Dagskrá fundar nr. 101 *Til samþykktar*
2. Fundargerð fundar nr. 100 *Til samþykktar*
3. Fjárhagsáætlun fyrir 2024 *Til samþykktar*
4. Drög að uppfærðum starfsreglum HH *Til samþykktar*
5. Rannsóknamisseri skólaárið 2024 - 2025 - Umsókn Jessica Aquino *Til samþykktar*
6. Kvörtun sem barst til háskólaráðs *Til umfjöllunar*
7. Önnur mál *Til upplýsingar*

Hólmfríður ber undir fundinn breytingu á dagskrá þar sem liður 3 færist í lok fundar og er sú breyting samþykkt.

Enginn fundur var í háskólaráði í nóvember þar sem málþing sem haldið var til heiðurs Jóni Bjarnasyni var haldið þann 16. nóvember þegar fundur í háskólaráði átti að vera.

Afgreiðslur:

1. Drög að dagskrá fundar skv. breytingartillögu nr. 11/2023
 2. Fundargerð fundar nr. 10/2023
- Liðir 1 og 2 voru samþykktir.

4. Drög að uppfærðum starfsreglum HH *Til samþykktar*

Síðast voru starfsreglur skólans samþykktar í nóvember 2021 og í þeim stendur að eigi að endurskoða þær á 2ja ára fresti. Breyting sem gerð var á skipuriti skólans í júní 2022 (sbr. 87.fundargerð háskólaráðs) hafði ekki verið uppfærð í starfsreglunum, það er þegar tvö sviðsstjórstörf runnu saman í eitt starf framkvæmdastjóra. Það var því þörf á uppfærslu reglnanna. Við endurskoðun reglnanna kom meðal annars í ljós að mjög lítil umfjöllun er um þann hluta sem snýr að nemendum, kennslu og prófum sem og háskólaárinu, kennslumisserum og brautskráningu, einkum ef borið er saman við starfsreglur hinna opinberu háskólanna. Farið hefur verið í verulega endurskoðun á þeim reglum og verður áfram unnið með uppfærsluna fram að næsta háskólaráðsfundi. Fyrstu 7 greinarnar sem tilheyra kafla I og II í starfsreglunum voru bornar upp til samþykktar og samþykktar samhljóða. Samþykkt var að taka reglu 15 um staðarhald og samráð við aðrar stofnanir á Hólum út úr starfsreglum skólans.



5. Rannsóknamisseri skólaárið 2024 - 2025 - Umsókn Jessica Aquino *Til samþykktar*.
Samþykkt samhljóða.

6. Kvörtun sem barst til háskólaráðs *Til umfjöllunar*

Háskólaráð staðfestir fyrri svör rektors til kvartanda varðandi erindið. Málefnið er ekki talið falla undir starfsemi Háskólans á Hólum og er vísað frá.

3. Fjárhagsáætlun fyrir 2024 *Til samþykktar*.

EM fór ítarlega í gegnum forsendur fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 2024, sem meðal annars byggja á nýju reiknilíkani háskólanna og mannaflaspá deilda skólans. Í máli Eddu kom fram að heildarframlag ríkisins til skólans hækki um 5% frá síðasta ári, sem sé nafnhækkun en ekki raunhækkun vegna efnahagsástandsins (verðbólgu).

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir kr. 611,5 milljónum frá ríkinu sem skiptast þannig: 98 milljónir til Ferðamáladeildar, 110 milljónir til Fiskeldis- og fiskalífrræðideildar, 185 milljónir til Hestafræðideildar, 199 milljónir til Miðlægrar stjórnarsýslu og 19,5 milljónir til útdreifingar (eftir þörfum). Innan þessa ramma þarf svo hver deild skólans að vinna. Nokkur umræða varð meðal háskólaráðsfulltrúa um mögulegar leiðir skólans til að auka tekjurnar og hvar leynast sóknarfæri meðal annars í ljósi hins nýja reiknilíkans háskólanna.

Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

Engin önnur mál til umfjöllunar.

Fundarmenn óskuðu hvor öðrum gleðilegrar jólahátíðar og var fundi lokið um kl. 13:30